

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bessastaðahreppi 1994.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í lögsagnarumdæmi Bessastaðahrepps, sbr. b. stl. 2. gr. samþykktar um hundahald í Bessastaðahreppi, skal vera kr. 9.600 fyrir árið 1994. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. janúar 1994.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 3. gr. áðurnefndrar samþykktar, skal varða fjársekt kr. 6.000 frá og með 1. broti.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum leyfisgjöldum gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Bessastaðahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1993.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um tilkynningu til Orkustofnunar um fjárfestingarverkefni.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 1. tölul. IV. viðauka hans, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Nánar tiltekið er hér um að ræða reglugerð EBE nr. 1056/72/EBE frá 18. maí 1972 um tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um áhugaverð fjárfestingarverkefni fyrir bandalagið á sviði jarðolíu, jarðgass og raforku og nr. 1215/76/EBE um breytingu á þeirri reglugerð

Reglugerðirnar eru birtar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerðir þær sem um getur í 1. gr. skulu öðlast gildi hér á landi. Þar sem fjallað er um yfirvöld í reglugerðum þessum er átt við Orkustofnun.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 82. gr. orkulaga nr. 58/1967, öðlast gildi þegar í stað.

Iðnaðarráðuneytið, 28. desember 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Porkell Helgason.